



Reykjavík 4. nóvember 2021

Niðurstaða athugunar á fyrirkomulagi áhættustýringar hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf vettvangsathugun hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna í júní 2021.

Markmiðið var að kanna fyrirkomulag áhættustýringar og eftirlitskerfi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna með þeim þáttum sem lífeyrissjóðurinn hefur skilgreint sem fjárhagslega áhættu, sbr. 29. gr. og 36. gr. e laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þá var í athuguninni einnig byggt á ákvæðum reglugerðar nr. 590/2017 um eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.

Niðurstaða lá fyrir í október 2021. Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem aflað var við athugunina gerði Fjármálaeftirlitið eftirfarandi athugasemd við lífeyrissjóðinn:

- Mælikvarðar fyrir áhættuvilja og áhættuþol fjárhagslegrar áhættu eru ófullnægjandi og ekki taldir endurspeglar áhættusnið sjóðsins, sbr. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 590/2017, sbr. 36. gr. e laga nr. 129/1997.